

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um atvinnurekstrarbann.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

1. Hversu margar beiðnir um atvinnurekstrarbann hafa borist héraðsdómstólum frá gildistöku lagagreina um atvinnurekstrarbann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991? Svar óskast sundurliðað annars vegar eftir fjölda beiðna og hins vegar eftir héraðsdómstólum.
2. Hversu margir hafa verið úrskurðaðir í atvinnurekstrarbann af héraðsdómstólum? Svar óskast sundurliðað annars vegar eftir ári sem dómur fellur og hins vegar héraðsdómstólum.
3. Hversu margir úrskurðir um atvinnurekstrarbann hafa verið kærðir til Landsréttar og hver hefur niðurstaða Landsréttar verið í þeim?
4. Hvernig er upplýsingum safnað saman um þá sem dæmdir eru í atvinnurekstrarbann? Hvernig er því framfylgt að þeir sem dæmdir eru í atvinnurekstrarbann séu ekki skráðir framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn í félögum?

Skriflegt svar óskast.